

Bryndís Hlökkversdóttir
formaður stjórnar Landsvirkjunar
Landsvirkjun,
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík.

7. október 2012

Stjórn Landverndar fer fram á að Landsvirkjun stöðvi nú þegar framkvæmdir fyrirtækisins við fyrirhugaða 45-90 MW Bjarnarflagsvirkjun þar til rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða hefur verið samþykkt á Alþingi. Tilgangur rammaáætlunar er að stuðla að sátt um náttúruvernd og virkjanamál og Landsvirkjun ber að taka þátt í því ferli og bíða niðurstöðu rammaáætlunar áður en fyrirtækið hefst handa við virkjanaframkvæmdir.

Einnig fer stjórn Landverndar fram á að unnið verði nýtt mat á umhverfisáhrifum 45-90 MW Bjarnarflagsvirkjunar í ljósi þess að núgildandi umhverfismat er að verða tíu ára gamalt. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að það mat var unnið hafa orkufyrirtæki öðlast mikilvæga reynslu af rekstri jarðvarmavirkjana og umhverfisáhrifum þeirra sem haft getur áhrif á niðurstöðu nýs umhverfismats. Í þessu sambandi bendir stjórn Landverndar sérstaklega á að leita þurfi svara við spurningum sem varða mengun frá virkjuninni. Þar ber hæst förgun affallsvatns og kröfur um förgun brennisteinsvetnismengunar. Einnig getur möguleg kæling á grunnvatnsstreymi í kjölfar orkuvinnslu minnkað kísilstreymi til Mývatns, sem er ein undirstaða fjölbreytts lífríkis vatnsins.

Stjórn Landverndar vekur athygli á að Landvernd og Fuglavernd hafa sent Ramsar-samningnum erindi þar sem farið er fram á að samningurinn rannsaki möguleg áhrif 45-90 MW jarðvarmavirkjunar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi á lífríki Mývatns. Þess var farið á leit við skrifstofu samningsins að hún gripi til eftirfarandi aðgerða:

- Krefji íslensk stjórnvöld, sem bera ábyrgð á framfylgd samningsins hér á landi, um upplýsingar um þær hættur sem kunni að steðja að vistkerfi Mývatns og Laxár frá hinni fyrirhuguðu jarðhitavirkjun Landsvirkjunar í Bjarnarflagi.
- Taki til skoðunar að tilnefna Mývatn-Laxá svæði á Montreux-lista samningsins. Listinn er nokkurs konar válisti Ramsarsvæða sem sérstök hætta steðjar að og eru undir sérstöku eftirliti Ramsar-samningsins.
- Krefji íslensk stjórnvöld um viðunandi eftirlit og vöktun á lífríki Mývatns.

Einstakt lífríki Mývatns skapar því sérstöðu á heimsvísu. Þess vegna segir í nýsamþykktari verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá að það sé skylda núlifandi kynslóðar að varðveita sérstöðu svæðisins: „Það er því skylda núlifandi kynslóðar að varðveita sérstöðu þessa merkilega svæðis og þar

með að tryggja komandi kynslóðum sama aðgengi og svipaða upplifun og við getum notið nú í dag.“
Stjórnarmenn Landsvirkjunar eru beðnir um að hafa þetta í huga við afgreiðslu þessa erindis.

F.h. stjórnar Landverndar

Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar